

# Heildstætt skólakerfi fyrir Austurland

Stefán Bogi Sveinsson  
forseti bæjarstjórnar  
Fljótsdalshéraðs

# EFNI

I

Ég

II

Austurland

III

Áskoranir

IV

Þankar

I

# Ég

ef mig skyldi kalla...

---

Bakgrunnur og aðkoma að  
skólamálum á Austurlandi.

# Stefán Bogi Sveinsson

Lögfræðingur (cand. jur.) frá HÍ - Kennsluréttindi í framhaldsskóla frá HA Kvæntur og á þrjár dætur sem eru níu ára, sex ára og eins árs.



## Sveitarstjórnarstörf:

- Oddviti B-lista í bæjarstjórn frá 2010
- Forseti bæjarstjórnar '10-'14 og aftur frá '18
- Stjórn SSA '10-'14 og aftur frá '18
- Austfirsk eining '11
- AST (undirbúningsstjórn Austurbrúar) '11-'12
- Stjórn Austurbrúar '13-'14 og aftur frá '18



11

# Austurland

Landshluti og sveitarfélög

---

Sveitarfélögum á Austurlandi hefur fækkað verulega á undanförunum árum og ýmiskonar samstarf þeirra farið vaxandi.

# Austurland



## Sjö sveitarfélög

- Fljótsdalshérað veitir félagsþjónustu í sex þeirra
- Fjögur sveitarfélaganna munu sameinast snemma á næsta ári
- Margvíslegt svæðisbundið samstarf annað

## Skólaskrifstofa Austurlands

- Byggðasamlag allra sveitarfélaga á Austurlandi
- A-deild heldur utan um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla – Kennsluráðgjafar, sálfræðingar, talmeinafræðingur
- B-deild heldur utan um fjármagn til þjónustu við fatlaða – Austurland er eitt þjónustusvæði en þjónustan er veitt af félagsþjónustum sveitarfélaganna

## Austurbrú

- Sjálfeignarstofnun stofnuð af sveitarfélögum á Austurlandi, stofnunum á landsvísu og ýmsum samtökum
- Sameiginleg stoðstofnun fyrir allt Austurland
- Heldur utan um símenntun, atvinnuþróun, menningarmál, markaðsmál og verkefni landshlutasamtakanna SSA

# Fljótsdalshérað

## Skólar



Tveir leikskólar

**Tjarnarskógur  
(tvær byggingar)  
Hádegishöfði**



Einn samrekinn skóli

**Brúarásskóli  
(grunnskóli  
og leikskóli)**



Tveir grunnskólar

**Fellaskóli  
Egilsstaðaskóli**



Þrjár tónlistarskólar

**Í Brúarási  
Á Egilsstöðum  
Í Fellabæ**



Tveir framhaldsskólar

**Menntaskólinn  
á Egilsstöðum  
Hallormsstaða-  
skóli**

# Nýtt sameinað sveitarfélag


## Skólar



Þrjár leikskólar  
**Hádegishöfði**  
(Fellabæ)  
**Tjarnarskógur**  
(Egilsstöðum)  
**Bjarkatún**  
(Djúpavogi)



Fjórir samreknir skólar  
**Seyðisfjarðarskóli**  
(L/G/T)  
**Djúpavogsskóli**  
(G/T)  
**Grunnskólinn á**  
**Borgarfirði eystra**  
(L/G)  
**Brúarásskóli**  
(L/G)



Þrjár grunnskólar  
**Egilsstaðaskóli**  
**Fellaskóli**



Þrjár tónlistarskólar  
**Í Brúarási**  
**Á Egilsstöðum**  
**Í Fellabæ**



Tveir framhaldsskólar  
**Hallormsstaða-**  
**skóli**  
**Menntaskólinn**  
**á Egilsstöðum**






# Áskoranir

eða öðru nafni vesen

---

Það fylgja því fjölmargar áskoranir að veita nemendum þjónustu í víðfeðmu sveitarfélagi. Stofnanirnar eru ólíkar og samfélögin líka.



# Peningar

Í ársreikningi Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2018 kemur fram að til fræðslumála runnu nettó 1.927.000.000 krónur sem nemur 53,5% af skatttekjum ársins. Hækkun milli ára nam 163.000.000 króna. Hlutfall fræðsluútgjalda af skatttekjum hefur þó áður verið hærra.

Launakostnaður hefur aukist vegna launahækkana og vegna aukinnar mannaflaparfar í skólum. Stöðugt er verið að bregðast við ákalli um fleiri stöðugildi vegna aðkallandi aðstæðna. Nánast óþekkt er að sá kostnaður gangi nokkru sinni til baka.

Kjörnir fulltrúar hafa lýst yfir áhyggjum af því að hlutfall launa í rekstrarkostnaði skóla fari vaxandi. Þannig getur skapast ástand þar sem verið er að auka fjármagn til skólanna en á sama tíma kreppir verulega að í öðrum rekstrarþáttum en launum.

### III

# Áskoranir

Skólarnir okkar eru alls ekki lengur bara menntastofnanir, ef þeir þá einhvern tíma voru það eingöngu. Kröfur til skólanna eru orðnar meiri heldur en nokkru sinni fyrr um ýmsa þjónustu við nemendur.

Það vinna allt of fáir karlmenn í skólunum okkar.

Kerfið okkar setur upp tæknilegar hindranir þegar kemur að samstarfi skóla, jafnvel innan sama sveitarfélags. Erfitt er, eða ómögulegt að deila starfsfólki á fleiri en eina stofnun.

Skólastjórnendur er á milli steins og sleggju og óljóst með hverjum þeir eiga að standa og að hvaða markmiðum þeir eiga að vinna. Hagsmunir stofnunarinnar og starfsfólks hennar samræmast ekki alltaf að fullu hagsmunum sveitarfélagsins og fræðslusviðsins í heild.

Erfitt er að tryggja fjölbreytni og gæði skólastarfs í fámennum einingum í dreifbýli eða á útjöðrum sveitarfélaga.

Við skilum allt of fáum nemendum í iðnnám á framhaldsskólastigi.

Of fáir nemendum stunda framhaldsskólanám, meðal annars í kjölfarið á styttingu náms til stúdentsprófs. Rekstrarskilyrði framhaldsskólanna eru því erfið.

Óþægilegt er að þjónusta á borð við greiningar og kennsluráðgjöf sé ekki á hendi sveitarfélagsins sjálfs heldur byggðasamlags. Fræðslusvið sveitarfélagsins er of veikburða.

# IV

## Þankar

og vangaveltur um möguleika

---

Austfirðingar hafa verið duglegir að þróa sig áfram í ýmsu samstarfi. Við þurfum tækifæri til að gera slíkt hið sama í skólamálum.



Markvisst þarf að vinna að því að ráða starfsfólk inn í skólana með ólíka menntun. Proskapjálfa, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfara, tómstundafræðinga og fleira.



Ráðast þarf í sértækar aðgerðir til að fjölga körlum sem starfa innan skólanna. Kynjahalli á meðal kennara er raunverulegur vandi sem þarf að taka alvarlega og vinna bug á.



Kenna þarf fleiri iðn- og tæknigreinar innan grunnskóla til að gefa nemendum nasasjón af þessum greinum.

## Fjölbreytni í skólunum

Skólarnir verða að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins ef við viljum viðhalda honum.

Nemendur hafa margvíslegar þarfir sem þarf margvíslega menntun og bakgrunn til að bregðast við, þeim til aðstoðar.

Blandaðir vinnustaðir eru betri vinnustaðir og mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytilegri fyrirmyndir fyrir nemendur.

# Samstarf skóla

Ráðast þarf í sameiningar þar sem það á við, en samstarf er líka góður kostur í mörgum tilfellum.

Með því að sameina skóla er forysta smárra skóla í dreifðum byggðum tekin burtu úr nærsamfélaginu og það er óheppilegt.

Það þarf að veita nemendum í þessum skólum eins góða þjónustu og nokkur er kostur og þeir þurfa að njóta þeirrar fjölbreytni og fagmennsku sem við viljum sjá í stærri skólunum

Lausnin getur falist í því að stærri skólar þjónusti smærri skóla um einstaka þætti starfseminnar.



Hægt þarf að vera að ráða starfsfólk sem hefur kennsluskyldu við fleiri en einn skóla, eða að heimilt sé að fela viðkomandi kennslu í öðrum skóla einnig.



Í stað þess að byggja sérhæfða kennsluaðstöðu, svo sem smíðastofur, í öllum skólum þarf að vera mögulegt að taka við og kenna námshópum úr öðrum skólum þessar tilteknu greinar, eða blanda hópum saman.



Reglubundnar ferðir með nemendum milli skóla vinna gegn félagslegri einangrun og stuðla að samheldni og aukinni vitund krakkanna um að þau tilheyra sama sveitarfélaginu.



Sveitarfélög ættu að vera nógu fjölmenn og öflug til að geta ráðið sérfræðinga inn á fræðslusvið til að sinna kennsluráðgjöf, greiningum og fleiri slíkum verkefnum.



Starfsfólk sem þarf að sinna fleiri en einum skóla í sínum störfum mætti sjá fyrir sér að yrðu ráðin til miðlægs fræðslusviðs.



Skólastjórnendur gætu verið ráðnir til miðlægs fræðslusviðs frekar en til einstakra stofnana.

## Efling fræðslusviða

Með sameiningum sveitarfélaga opnast möguleikar á öflugri miðlægri starfsemi á fræðslusviði hvers sveitarfélags.

Öflugt fræðslusvið og öflug miðlæg stjórnsýsla er mikilvægt bakland fyrir skólastofnanir og starfsfólk þeirra.

Ýmiskonar sérfræðiráðgjöf við skólana er best komin miðlægt og nýtist þannig öllum skólum sveitarfélagsins.

# Eftir grunnskólann

Tryggja verður aðgengi að fjölbreyttu námi á framhalds- og háskólastigi í hverjum landshluta.

Það er mikil blóðtaka fyrir samfélög að sjá á eftir ungmennum í nám í fjarlæga landshluta. Hvert ár sem þau geta stundað nám í heimabyggð er dýrmætt.

Öflugt nám sem byggir á styrkleikum hvers svæðis getur laðað að nema sem bæta þá upp þá sem leita annað í nám eftir sínu áhugasviði.



Leggja verður áherslu á kosti þess að ljúka iðnnámi og efla samstarf bóknáms- og verknámsskóla svo að auðvelt sé að flæða á milli. Setja þarf markmið um fjölda iðnnema.



Fyrirtæki ættu að geta tekið að sér nema og haft þá í vinnu, kennt þeim fagið sem um ræðir og skilað þeim af sér með starfsréttindi í samstarfi við framhaldsskóla.



Staðbundið háskólanám þarf að vera til staðar í öllum landshlutum.





# Kærar þakkir